

Auglýst er eftir umsóknum í þróunarsjóð leikskóla í Garðabæ

Fræðslu- og menningarsvið auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr Þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar. Þróunarsjóðnum er ætlað að stuðla að nýbreytni og framþróun í starfi leikskóla í Garðabæ. Einstaka leikskólakennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við leikskóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við leikskóla geta sótt um styrk í þróunarsjóð. Til úthlutunar fyrir árið 2025 eru 9.000.000 kr.

Áhersluþættir Þróunarsjóðs leikskóla veturinn 2025-2026 eru:

- Leikur og nám barna - uppeldislegar skráningar
- Hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og starfsfólks í leik barna
- Félags-, samskipta og vináttuþjálfun með áherslu á samkennd
- Lýðræði í leikskólastarfi- rödd barna

Við hvetjum alla áhugasama að senda inn umsókn þó verkefnið falli ekki undir áherslur þróunarsjóðs þessa árs.

Umsóknir skulu hafa borist **fyrir 1. apríl** og verður þeim svarað fyrir 30. apríl.

Frekari upplýsingar veitir Hanna H Leifsdóttir leikskólafulltrúi.
Reglur og umsóknareyðublöð eru á vef Garðabæjar.



Auglýst er eftir umsóknum í þróunarsjóð leikskóla í Garðabæ

Fræðslu- og menningarsvið auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr Þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar. Þróunarsjóðnum er ætlað að stuðla að nýbreytni og framþróun í starfi leikskóla í Garðabæ. Einstaka leikskólakennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við leikskóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við leikskóla geta sótt um styrk í þróunarsjóð. Til úthlutunar fyrir árið 2025 eru 9.000.000 kr.

Áhersluþættir Þróunarsjóðs leikskóla veturinn 2025-2026 eru:

- Leikur og nám barna - uppeldislegar skráningar
- Hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og starfsfólks í leik barna
- Félags-, samskipta og vináttupjálfun með áherslu á samkennd
- Lýðræði í leikskólastarfi- rödd barna

Við hvetjum alla áhugasama að senda inn umsókn þó verkefnið falli ekki undir áherslur þróunarsjóðs þessa árs.

Umsóknir skulu hafa borist **fyrir 1. apríl** og verður þeim svarað fyrir 30. apríl.

Frekari upplýsingar veitir Hanna H Leifsdóttir leikskólafulltrúi.

Reglur og umsóknareyðublöð eru á vef Garðabæjar.

